



FUNDARGERÐ

271. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1, Fellabæ fimmtudaginn 12. desember 2019 kl. 16:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Benedikt Hlíðar Stefánsson, Skúli Björnsson, Ágústa Björnsdóttir, Björg Björnsdóttir og Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi: Gunnhildur Ingvarsdóttir.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál
2. Gjaldskrármál
3. Starfsreglur stjórnar
4. Yfirlit verkefna – staða og áætlun
5. Gagnaveita
6. Fráveita á Egilsstöðum og Fellabæ
7. 40 ára afmæli HEF
8. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

1. Starfsmannamál

Í vinnslu.

Fært í trúnaðarmálabók.

2. Gjaldskrármál

Minniháttar breyting hefur verið gerð á tillögu að gjaldskrárbreytingu hitaveitu þannig að rúmmetrageildi verði breytt úr 115 kr/m³ (án virðisaukaskatts) í 114,80 kr/m³. Einnig eru gerðar lítilsháttar textabreytingar á gjaldskrárbreytingartillögu fyrir Fráveitu Fljótsdalshéraðs auk hækkunar á gjöldum í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar.

3. Starfsreglur stjórnar

Í vinnslu. Lögð fram drög að starfsreglum fyrir stjórn HEF. Framkvæmdastjóra falið að lesa drögin saman við samþykktir félagsins og gera aðrar breytingar í samræmi við umræðu á fundinum.

4. Yfirlit verkefna – staða og áætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefni, stöðu og áætlanir. Þá var rætt um þann lærdóm sem draga má af því þegar rafmagn fór af Austurlandi í um 2 klst. sl. þriðjudag. Farið verður í vinnu við að yfirfara allan stjórnþunað kerfisins og gerð viðbragðsáætlun fyrir sambærileg tilvik.

5. Gagnaveita

Lokið er kortlagningu gagnaveitu um dreifbýlið, sem og kerfismynd með lengdum lagna. Gert er ráð fyrir að endurskoðuð kostnaðaráætlun liggja fyrir í næstu viku. Fundir sem áætlaðir voru sl. þriðjudag með Guðmundi Daníelssyni, ráðgjafa frá Snerru, og Austurljósi hafa verið færðir til 17. desember nk.

6. Fráveita á Egilsstöðum og Fellabæ

Fundur var haldinn með fulltrúum Bólholts, rekstraraðila hreinsivirkja fráveitunnar

3. desember sl. Bólholt mun leggja fram tillögu að aðgerðum til að minnka verulega lyktarmengun frá hreinsivirki við Einbúabla í síðasta lagi 20. desember nk.

Hönnunargögn útrásar og dælulagnar frá ætlaðri hreinsistöð við Melshorn eru í rýni innanhúss hjá HEF. Stefnt er að útboði í ársbyrjun 2020. Í framhaldi verður óskað eftir tilboðum ráðgjafa í fullhönnun lagnakerfis að nýrri hreinsistöð.

7. 40 ára afmæli HEF

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á undirbúningi sem er á lokastigi.

8. Önnur mál

a) Verkefni á vettvangi Samorku

Þann 28. nóvember sl. sótti framkvæmdastjóri desemberfund Samorku og fund ráðgjafaráðs veitufyrirtækja. Báðir fundir gagnlegir fyrir HEF og brýnt fyrir fyrirtækið að vera sýnilegt og virkt í samstarfinu.

b) Gjaldskrár vatnsveitna og fjármagnskostnaður – erindi ráðuneytis

Málið er í vinnslu hjá framkvæmdastjóra og endurskoðanda í samstarfi við fjármálastjóra Fljótsdalshéraðs. Samorka sótti um og fékk frest til 10. janúar til að svara erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um vatnsgjald.

Lagt fram til kynningar.

c) Staða HEF ehf. í nýju sameinuðu sveitarfélagi

Stjórn HEF ehf. óskar eftir því við undirbúningsnefnd fyrir nýtt sameinað sveitarfélag að stjórnin fái upplýsingar um þær hugmyndir sem nefndin hefur um framtíðarrekstur HEF ehf. Einnig er því beint til bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs að huga að gerð eigendastefnu fyrir fyrirtækið í samræmi við ákvörðun aðalfundar HEF ehf. í mars sl.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 19.00.

Fundargerð ritaði Björg Björnsdóttir.